

**Samkomulag um framlengingu á
kjarasamningi Sameykis og Fríhafnarinnar ehf.**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. janúar 2019 til 31. október 2022 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Laun**

Í stað gildandi launataxta koma nýir taxtar sbr. fylgiskjal 1. Launataxtar gilda frá 1. janúar 2020, 1. apríl 2020, 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.

Taxtahækkanir á samningstíma eru samtals 90.000 kr.

Almennar launahækkanir á samningstímanum:

1. janúar 2020 17.000 kr.
1. apríl 2020 18.000 kr.
1. janúar 2021 15.750 kr
1. janúar 2022 17.250 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 2,5% á sömu dagsetningum nema um annað hafi verið samið.

**3. gr.
Eingreiðsla**

Starfsmenn sem voru við störf 1. janúar 2019 til 31. desember 2019 og voru enn í starfi þann 1. janúar 2020 fá þann 1. júní 2020 eingreiðslu að upphæð kr. 250.000 miðað við fullt starf á tímabilinu. Full greiðsla miðast við fullt starf á tímabilinu 1. janúar 2019 til 31. desember 2019. Greiðslan hlutfallast miðað við starfshlutfall og starfstíma á tímabilinu.

Eingreiðsla sem greidd var til starfsmanna vegna frestunar kjarasamningsviðræðna í júní 2019, að upphæð kr. 105.000 dregst frá eingreiðslunni.

**4. gr.
Veikindi barna**

Eftir fyrstu mgr. í gr. 10.4 bætist eftirfarandi setning:

Sama á við börn undir 16 ára aldri þegar veikindi eru það alvarleg að þau leiði til sjúkrahúsvistar í a.m.k. einn dag.

5. gr.
Orlofs- og desemberuppbætur

Orlofsuppbót m.v. fullt starf:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 48.000 kr.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000 + 2000 kr fyrir þá sem fengu 48.000 kr orlofsuppbót árið 2019 eða hlutfall miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000 kr.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000 kr.

Áunnin orlofsuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

Desemberuppbót m.v. fullt starf:

Desemberuppbót 2019 kr. 92.000

Desemberuppbót 2020 kr. 94.000

Desemberuppbót 2021 kr. 96.000

Desemberuppbót 2022 kr. 98.000

Áunnin desemberuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

6. gr.

Orlof

1. maí 2020 tekur eftirfarandi gildi:

Gr. 7.1 og 7.2. breytast og verða svohljóðandi:

7.1. Lágmarksorlof skal vera 24 dagar miðað við fullt starf.

Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 2 daga fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá óyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

Eftir 3 ár í starfi hjá Fríhöfninni fær starfsmaður til viðbótar 3 orlofsdaga.

Eftir 5 ára starf hjá Fríhöfninni bætast við aðrir 3 dagar.

7.2. Orlofsfé

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum.

Eftir 3ja ára starf hjá Fríhöfninni skal hann fá 11,59%.

Eftir 5 ára starf hjá Fríhöfninni skal hann fá 13,04%.

7. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi hvílir á eftirfarandi forsendum:

Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kaupataxaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal

sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

8. gr.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 12:00 þann 22. maí 2020

Reykjavík 14. maí 2020

F.h. Fríhafnarinnar ehf.

F.h. Sameykis

BÓKANIR

Bókun um orlofsgreiðslur

Vaktavinnustarfsmenn geta óskað eftir því að fá greitt vaktaálag í orlofi sínu skv. vaktskrá og er þá ekki greitt orlofsfé. Slíkar óskir verða að koma fram með fyrir 1. apríl ár hvert.

Bókun vegna breytinga í kjarasamningi

Aðilar eru sammála um að félagsmenn Sameykis lækki ekki í launum né öðrum kjörum (t.d. vegna breytingu á ávinnslu orlofs) með breytingum sem kjarasamningur þessi hefur í för með sér.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu vera sem hér segir

1. apríl 2020	335.000 kr.	á mánuði.
1. janúar 2021	351.000 kr.	á mánuði.
1. janúar 2022	368.000 kr.	á mánuði.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur.

Bókun vegna fyrri bókana (í fyrri kjarasamningum)

Allar bókanir, fylgiskjöl, samkomulög og annað af sama tagi frá eldri samningum (SFR – stéttarfélag í almannajónustu) halda gildi sínu. Undantekning frá þessu eru þau atriði sem þegar hafa komið til framkvæmda og eiga því ekki lengur við.

Bókun vegna vinnutímastyttingar starfsmanna Fríhafnarinnar ehf.

Skipa skal vinnuhóp og skulu tveir fulltrúar skipaðir af stjórnendum Fríhafnarinnar og tveir fulltrúar skipaðir af starfsmönnum Fríhafnarinnar. Vinnuhópurinn skal leggja fram tillögur að styttingu vinnuvikunnar. Tillögurnar skulu lagðar fyrir starfsmenn til samþykktar. Vinnuhópurinn getur kallað á fulltrúa frá SA og Sameyki til aðstoðar ef upp koma þær aðstæður að það sé talið heppilegt.

Heimilt er að stytta vinnuvikuna þannig að virkur vinnutími verði að hámarki 36 vinnustundir á viku að jafnaði.

Hópurinn hefur til hliðsjónar hvernig neysluhléum geti verið háttáð, þá hvort þau séu hluti af vinnutímanum eða hvort þau eru á forræði starfsmanns til ráðstöfunar.

Vinnuhópurinn hefur heimild til að gera breytingar á eða fella niður gr. 5.6.7. – 5.6.10 ef samkomulag verður um aðra útfærslu en þar kemur fram. Ef vinnuhópurinn leggur til að breyta ofangreindum samningsgreinum, verður það ekki gert nema með samkomulagi milli SA og Sameykis.

Breyting á skipulagi vinnutíma á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði vegna starfsmanna. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi Fríhafnarinnar raskist ekki og að þjónustan sé af sömu eða betri gæðum og áður. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður

um útfærsluna liggi fyrir eigi síðar en 1. október 2020 og að nýtt fyrirkomulag vinnutíma taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Niðurstöður vinnuhópsins skal fá samþykki stjórnar Fríhafnarinnar ehf. og Sameykis stéttarfélags.

Bókun vegna aldurstenginga

Aðilar eru sammála um að ákvæði kjarasamnings sem fela í sér undanþágu starfsmanna er náð hafa 50 eða 55 ára aldri frá næturvöktum og/eða bakvöktum, ef þeir óska þess, feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hið sama á við um ákvæði um lengri uppsagnarfrest fyrir starfsmenn 55 ára og eldri sem hafa starfað í a.m.k. 10 ár samfellt hjá sama fyrirtæki.

Við vissar aðstæður getur mismunandi meðferð vegna aldurs verið réttlætanleg þegar færð eru fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögumarkmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varða vinnumarkað, að gættu meðalhófi. Með kjarasamningsbundnum ákvæðum um undanþágu frá næturvöktum og bakvöktum eftir tiltekinn aldur er verið að horfa til þeirra sjónarmiða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það verði erfiðara fyrir starfsfólk eftir því sem það eldist að sinna næturvöktum þar sem það taki lengri tíma að jafna sig líkamlega vegna samspils milli vinnufyrirkomulags, svefns og dægursveiflu. Ákvæði um lengri uppsagnarfrest með hækkandi lífaldri byggja á þeim sjónarmiðum að þegar stutt er í starfslok getur starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Evrópuþingurinn hefur gefið aðildarríkjum nokkuð svigrúm til að ákveða að hvaða markmiðum skuli stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Samningsaðilar eru sammála um að markmiðin að baki þessum ákvæðum eru málefnaleg og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.

Fylgiskjal 1

Launatafla:

	1. janúar 2020	1. apríl 2020	1. janúar 2021	1. janúar 2022
Grunnlaun	302.338	326.338	350.338	375.338
1 ár	306.316	330.316	354.316	379.316
3 ár	317.409	341.409	365.409	390.409
5 ár	322.406	346.406	370.406	395.406
7 ár	329.166	353.166	377.166	402.166
10 ár	333.981	357.981	381.981	406.981
Hópstjóri - Grunnlaun	339.968	363.968	387.968	412.968
Hópstjóri - 1 ár	358.359	382.359	406.359	431.359
Hópstjóri - 3 ár	370.809	394.809	418.809	443.809
Hópstjóri - 5 ár	377.397	401.397	425.397	450.397
Hópstjóri - 7 ár	385.835	409.835	433.835	458.835
Hópstjóri - 10 ár	391.655	415.655	439.655	464.655
Skrifstofufólk - Grunnlaun	355.439	373.439	389.189	406.439
Skrifstofa - 1 ár	372.645	390.645	406.395	423.645
Skrifstofa - 3 ár	385.414	403.414	419.164	436.414
Skrifstofa - 5 ár	392.744	410.744	426.494	443.744
Skrifstofa - 7 ár	401.875	419.875	435.625	452.875
Skrifstofa - 10 ár	408.358	426.358	442.108	459.358

Fylgiskjal 2

Með kjarasamningi Sameykis og Fríhafnarinnar ehf. dags. 14. maí 2020.

Fríhafnarskólinn

Aðilar eru sammála um mikilvægi menntunar og þjálfunar fyrir starfsmenn Fríhafnarinnar ehf. Markmið slíkrar þjálfunar og náms er að gefa starfsmönnum kost á að eflast í starfi og er eins til þess fallið að auka vellíðan starfsmanna á vinnustað.

Nám við Fríhafnarskólann byggir á þremur námslotum og er hver námslota 25 – 35 klst. sem standa yfir í um 10-12 vikur á vorönn. Loturnar eru þróaðar af fræðsluráði Fríhafnarinnar ehf. sem samanstendur af stjórnendum Fríhafnarinnar ehf. og fulltrúum starfsmanna í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Starfsmenn skulu sækja námskeiðin utan vinnutíma og halda ekki reglubundnum launum á meðan, né heldur greiðir Fríhöfnin ehf. nokkurn kostnað sem hlýst af námskeiðinu, s.s ferðakostnað eða slíkt.

Eftirfarandi gildir frá og með 1. apríl 2021:

Hverri námslotu er lokið með fyrirfram ákveðnu námsmati.

Hækkun fyrir hverja lotu sem starfsmenn ljúka er eftirfarandi:

- Hver námslota hækkar grunnlaun starfsmanns um 3% þannig að allar 3 námsloturnar hækka grunnlaun samtals um 9%.

Hver lota er sjálfstætt námsframboð svo starfsmenn geta tekið loturnar í mismunandi röð.

Nánari útfærsla á náminu verður í höndum fræðsluráðs Fríhafnarinnar.